

REGLUGERÐ

um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.

1. gr.

Kvikmyndaeftirlit ríkisins annast skoðun kvikmynda og starfar samkvæmt lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna og lögum nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Skoðun kvikmynda skv. 2. gr. laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og IV. kafla laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 fer fram í Reykjavík, nema leyfð hafi verið skoðun annars staðar skv. 5. mgr. 58. gr. laga nr. 53/1966.

2. gr.

Peim aðilum, sem flytja kvikmynd til landsins eða hyggjast selja kvikmynd hér á landi, dreifa henni eða sýna hana, er skylt að koma kvikmyndinni til skoðunar hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.

Tveir skoðunarmenn Kvikmyndaeftirlits ríkisins hið fæsta skulu skoða hverja kvikmynd. Greini þá á skal kveðja hinn þriðja til og ræður þá meiri hluti skoðunarmanna.

Markmið með skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins er að meta hvort kvikmyndin teljist brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og sé hæf til sýningar börnum og unglingum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldurskeiðum innan þess aldurs.

Í þessu skyni skal sérhvert eintak kvikmyndar merkt af Kvikmyndaeftirliti ríkisins eða trúnaðarmönnum þess, s.s. barnaverndarnefndum eða lögreglustjórum, þannig að fullljóst megi vera að skoðun á vegum Kvikmyndaeftirlits ríkisins hafi farið fram. Aðilum skv. 1. mgr. þessarar greinar er skylt að sjá til þess að öll eintök hinar skoðuðu kvikmyndar sem eru til dreifingar, hvort heldur sýningar, sölu eða leigu, séu merkt.

Gefa skal skriflegt vottorð um að skoðun hafi farið fram.

Kvikmyndaeftirliti ríkisins er heimilt að meta kvikmynd að nýju, en þó skal ekki greiða skoðunargjald skv. 3. gr. reglugerðar þessarar vegna slíks endurmats.

Skoðunarmenn geta krafist tollskjala ef þeir telja ástæðu til.

3. gr.

Fyrir skoðun kvikmynda eftir lögum nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og reglugerð þessari skulu aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar greiða gjald í ríkissjóð vegna kostnaðar við skoðun kvikmyndar. Gjald þetta skal vera kr. 2 500 fyrir hverja kvikmynd, sem skoðuð er, nema gjald sé greitt eftir 7. mgr. 58. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966. Kvikmyndaeftirlit ríkisins afhendir skoðunarbeiðanda skoðað eintak kvikmyndar og skoðunartvottorð gegn greiðslu framangreinds gjalds.

Kvikmyndaeftirlit ríkisins ákveður gjald vegna skoðunar kvikmynda skv. 7. mgr. 58. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

4. gr.

Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa eftirlit með því, að aðeins séu til dreifingar, sýningar, sölu eða leigu kvikmyndir, sem Kvikmyndaeftirlit ríkisins hefur skoðað og heimilað dreifingu á.

5. gr.

Sjónvarpsstöðvar, sem leyfi hafa til útvarps skv. útvarpslögum nr. 68/1985 annast skoðun kvikmynda, sem þær sýna, að höfðu samráði við Kvikmyndaeftirlit ríkisins. Menntamálaráðherra getur þó ákveðið, að tiltekin kvikmynd skuli skoðuð af skoðunarmönnum kvikmynda eftir VI. kafla laga nr. 53/1966. Hafa þeir þá úrskurðarvald um það

hvort myndin brjóti gegn ákvæðum laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og sé hæf til sýningar börnum og unglingum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu skv. 4. gr. laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og 59. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 33/1983 sem og lögum nr. 53/1966 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. janúar 1988.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

Nr. 59

25. janúar 1988

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 291 23. júní 1987 um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1987—1988.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Framleiðanda er heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti og tilsvareandi búmarki milli lögbýla, enda sé ekki um skammtímaráðstöfun að ræða og fyrir liggja samþykki viðkomandi búnaðarsambands. Tilkynning um ráðstöfun þessa, studd skriflegu samþykki búnaðarsambands og eigenda viðkomandi lögbýla, skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. júní 1988.

2. gr.

15. gr. orðist svo:

Mjólkurframleiðanda er heimilt, með samkomulagi við hlutaðeigandi afurðastöð að nýta af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1988/1989 jafngildi allt að 5% af fullvirðisrétti skv. 13. og 14. gr. með innleggi á verðlagsárinu 1987/1988. Í samkomulagi þessu skal m.a. taka fram um greiðslu þessara afurða til framleiðanda, sbr. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 46/1985.

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 13. og 14. gr., greiðir ríkissjóður fyrir hinn ónýtta fullvirðisrétt, allt að 10% hans. Þó er landbúnaðarráðherra heimilt, með hliðsjón af markaðsaðstæðum á einstökum búmarkssvæðum, að undanskilja við greiðslu af hálfu ríkissjóðs allt að 5 prósentustig hins ónýtta fullvirðisréttar, og geymist sá hluti þá framleiðanda til næsta verðlagsárs. Ákvörðun þess efnis skal þá liggja fyrir eigi síðar en 15. júní 1988. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um ígildi þess mjólkurmagns sem úthlutað var skv. 1. tl. 5. gr. rg. nr. 37/1986, sbr. einnig 13. gr. rg. nr. 339/1986. Þeim rétti skal Búnaðarsamband Vestfjarða úthluta á búmarkssvæðum nr. 9 og 10 og skal sá réttur hvorki framseljanlegur né leiguhæfur. Sá hluti þess fullvirðisréttar, sem kann að vera ónýttur á einstökum býlum í lok verðlagsársins, verði nýttur við ársuppgjör á framangreindum búmarkssvæðum eftir ákvæðum 15. gr. þessarar reglugerðar.

Greiðsla fyrir ónýttan fullvirðisrétt skal svara til hlutfalls launa- og fjármagnskostnaðar í grundvallarverði mjólkur 1. júní 1988. Framleiðsluráð landbúnaðarins í annast greiðslur